

Iðnaðarnefnd Alþingis
Nefndarsvið Alþingis
c/o Sigrún Brynja Einarsdóttir
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Selfossi, 6. september 2001

Varðar: Frumvarp til raforkulaga

Undirritaður vill fyrir hönd Bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Árborgar og stjórnar Selfossveitna þakka iðnaðarnefnd Alþingis fyrir að gefa kost á umsögn um nýtt frumvarp um raforkulög.

Umsögnin er í hjálögðu fylgiskjali og fjallar fyrst og fremst um atriði sem talin eru verð gagnrýni eða þarfnast nánari umfjöllunar og/eða úrvinnslu. Umsögninni er skipt í tvo hluta; almennan hluta og sértækan hluta. Í almenna hluta umsagnarinnar er að finna afstöðu til frumvarpsins í heild sinni ásamt þeim atriðum er móta afstöðu okkar. Í sértæka hluta umsagnarinnar er athyglinni beint að einstaka greinum frumvarpsins og gerðar við þær athugasemdir eða tillögur til úrbóta þar sem þess er talin þörf.

Vegna gjaldtöku í flutningskerfinu hafa aðrar leiðir en frumvarpið boðar ekki verið skoðaðar til hlítar (af okkur) og því gæti á síðari stigum verið ástæða til að koma fram með tillögur þar að lútandi (annað hvort sér eða með öðrum). Gjaldtakan er flókið fyrirbrigði því eðli raforkuflutninga á sér t.d. ekki hliðstæðu í almennum vöruflutningum.

Að örðu leyti vonumst við eftir því að fá að fylgjast áfram með framvindu málsins og að eiga gott samstarf við fulltrúa iðnaðarnefndar Alþingis.

Virðingarfyllst,
Ásbjörn Ó. Blöndal


SELFOSSVEITUR

Sent á tölvupósti 6. 9. 2001. Einnig sent með gamla góða póstinum.
Afrít sent iðnaðarráðuneyti og Samorku

Umsögn um Frumvarp til raforkulaga, sem lagt var fram á Alþingi á 126. löggjafafþingi 2000 – 2001.

*Umsagnaraðili: Selfossveitur og bæjarstjórn Sveitarfélagsins
Árborg.*

Sent iðnaðarnefnd 6. 9. 2001.
Afrit sent iðnaðarráðuneyti og Samorku

I. Almenn

Þegar lagafrumvarpið er skoðað í heild sinni þá er það mat okkar að lögin skapi ekki þann grundvöll sem talist geti líklegur til að framkalla virka samkeppni meðal framleiðenda og seljenda raforku.

Við getum ekki metið það svo að þau markmið náist sem sett voru við samþykkt tilskipunar 96/92/EB um innri markað á sviði raforku um að „að auka skilvirkni í framleiðslu, flutningi og dreifingu á raforku“. Megin markmið markaðsumbóta eiga að okkar mati að beinast að þeim þáttum atvinnugreinarinnar þar sem mestur tilkostnaður fellur til, skapa þar aðstæður sem þvinga aðstandendur til að gera reksturinn skilvirkari og tryggja neytendum hluta ávinningsins með lægra verði. Sá þáttur frjáls raforkuiðnaðar sem þyngst vegur í kostnaðarmyndun endanlegs verðs er framleiðsluhlutinn og því er mikilvægt að beina markaðsumbótum að honum sérstaklega. Við teljum lagafrumvarpið ekki skapa þau skilyrði sem líkleg eru til þess að ná þessum áfanga.

Við gerum okkur grein fyrir því að ástæðurnar geti verið vegna séraðstæðna í íslensku raforkukerfi eins og þær að:

1. Raforkukerfi landsins er einangrað kerfi án tenginga við kerfi annarra landa; þar með eru innkaup og samkeppni utanfrá útilokuð.
2. Nær 70 % orkusölnunnar er bundinn langtímasamningum við stóriðju og líklegt er að annar stóriðnaður í landinu muni byggja orkukaup sín á langtímasamningum. Eftir stendur afar takmarkaður smásöllumarkaður sem tæplega getur staðið undir þeim kostnaði sem breytingarnar útheimta öðru vísi en að raforkuverð muni hækka hlutfallslega meira en ella.
3. Framleiðsla raforku er nánast á einni hendi þar sem eitt fyrirtæki hefur mikla yfirburði með tæplega 90 % af framleiðslugetunni og annar aðaleigandi fyrirtækisins er næst stærstur með rúmlega 6 % framleiðslugetunnar.
4. Flestir virkjunarkostir vatnsafls úr 1. hagkvæmniflokki eru þegar á hendi stærsta framleiðandans og virkjanakostir úr næsta flokki hafa í ýmsum gögnum verið eyrnamerkir sama framleiðanda.
5. Nú eru í gildi samningar á milli stærsta framleiðandans og annarra framleiðenda sem byggt hafa orkuver á s.l. 20 árum. Samningarnir binda hendur hinna síðarnefndu hvað varðar frelsi til sölusamninga og minnkar þar með umfang raforku í almennri sölu.
6. Þeir sem fá heimildir til að virkja fyrir stóriðju hafa forskot á aðra sem virkja eingöngu fyrir almennan markað ef þeim (fyrirnefndu) er leyft að setja hluta

framleiðslunnar á almennan markað án takmarkana; það veldur stærðarhagkvæmnin sem ekki næst með smávirkjunum sem byggðar verða í takt við aukningu almenna markaðarins.

Við metum það svo að lagafrumvarpið nái ekki að takmarka áhrif þessara séraðstæðna þannig að virkur samkeppnismarkaður í framleiðslu verði til. Þetta mótar afstöðu okkar til frumvarpsins og þar með umsögn okkar.

Niðurstaða okkar í hnotskurn:

Við teljum heillavænlegast **að opna iðnaðinn með þeim „strúktúr“ sem nú einkennir hann og meta síðan að tilteknum tíma liðnum hvort gera þurfi aðrar og auknar ráðstafanir til að ná settum markmiðum**. Niðurstaðan felur það í sér að:

- 1) Við leggjumst gegn því að stofna um flutning raforkunnar sérstakt fyrirtæki.
- 2) Við mælumst til þess að kerfisstjórnun verði á hendi sjálfstæðs aðila er tryggt getur hlutleysi gagnvart viðskiptum milli aðila (athugasemdir frumvarpsins gefa til kynna að flutningsfyrirtækið verði Landsvirkjun-flutningur og þar með kerfisstjórnunin). Í þessu sambandi bendum við á kröfur tilskipunar EB/kafla IV.
- 3) Við leggjumst af fullum þunga gegn því að sundra núverandi samrekstri í veitustarfsemi og útiloka frekari samrekstur í framtíðinni. Þetta teljum við gerast með kröfum laganna um að flytjendur og dreifendur raforku eða handhafar annarrar einkaréttarstarfsemi á orkusviði megi ekki stunda framleiðslu né sölu nema með því að skipta fyrirtækjunum upp í fleiri sjálfstæð fyrirtæki. Við teljum samreksturinn eitt af helstu rekstrarsérkennum íslensks orkuiðnaðar sem um langt skeið hefur skilað viðkomandi fyrirtækjum og viðskiptavinum þeirra fjárhagslegum ávinningi í formi lægri rekstrargjalda og þar með lægra verði.
- 4) Við teljum fullnægjandi að girt verði fyrir millifærslur á milli samkeppnishluta iðnaðarins og einkaréttarhluta með því að krefjast bókhaldslegs aðskilnaðar viðkomandi rekstrarþátta.
- 5) Við leggjumst gegn því að innleiða sérstakt aukið eftirlit með aðilum iðnaðarins umfram það sem gert er í ákvæðum um gjaldskrár og upplýsingaöflun auk eftirlits sem þegar er beint að raforkufyrirtækjum.
- 6) Við leggjum til að skilgreindir sölustaðir úr flutningskerfinu verði allir núverandi sölustaðir Landsvirkjunar og allir núverandi sölustaðir Rafmagnsveitna ríkisins í heildsölu.

Það er mat okkar að gildistaka laganna beri of skjótt að og að opnun markaðarins gerist of hratt. Þetta metum við svo í ljósi þess

- að nauðsynlegur undirbúningur á tæknilegum breytingum sem markaðsvæðing útheimtir er skammt á veg komin (eða ekki hafin),
- að óumflýjanlegar breytingar á öðrum lögum hafa ekki komið til umfjöllunar opinberlega
- að vinna við gerð reglugerða er skammt á veg komin (eða ekki hafin ?)

II. Athugasemdir við tiltekna greinar frumvarpsins og tillögur til úrbóta.

Hér á eftir fara athugasemdir okkar við einstaka greinar frumvarpsins.

I. kafli 1. gr.	<p>Upphafsstetning lagafrumvarpsins mætti vera hnitmiðaðri og ekki með megin þungann á þjóðarhagsmunum við nýtingu orkulinda. Þjóðhagsleg hagkvæmni er ekki skilgreind frekar, t.d. er ekki fjallað um hvaða viðmið (hagfræðilíkan ?) eigi að nota til að meta hvort verkefni standist þessa frumkröfu laganna.</p> <p>Í markmiðasetningu laganna væri eðlilegt að setja eftirtalin markmið:</p> <ol style="list-style-type: none">1. <i>Að skapa skilyrði fyrir samkeppni í vinnslu og sölu rafmagns.</i>2. <i>Að tryggja afhendingaröryggi.</i>3. <i>Að stuðla að hagkvæmri og skilvirkri nýtingu orkulinda.</i>4. <i>Að tryggja neytendum lágt rafmagnsverð (?).</i> <p>Í viðbótarmálgrein gæti svo verið ástæða til að fjalla um ásetningu þingsins um að í lögnum komi fram sá vilji þess um að raforkuiðnaðurinn verði þannig skipulagður og starfræktur að hann <u>taki tillit</u> til þjóðarhagsmuna. Þar með gætu byggðarsjónarmið verið með á vogarskálinni en ekki í fararbroddi eins og niðurlag 1. setningu greinarinnar ber með sér. Þar eru byggðarmál nánast íþyngjandi því það getur tæpast verið eitt af megin markmiðum orkugeirans að <i>efla byggð</i> í landinu.</p> <p>Varðandi lokasetningu 2. mlsgr. þá er tillit til umhverfissjónarmiða og hagsmunum neytenda væntanlega gætt í öðrum lögum og hugsanlega er óþarfi að geta þess hér.</p>
2. gr.	Engar tillögur/aths.
3. gr.	<p>Gott væri að fá álit íslenskmanna á notkun hugtaksins <i>endurnýjanlegur</i>; gæti verið að hugtakið <i>varanlegur</i> sé ákjósanlegra (það er í öllu falli þjálá).</p> <p>Varðandi skilgreiningu á flutningskerfi þá er það aðeins upphafssetningin sem getur talist skilgreiningarhluti textans. Með notkun orðsins <u>skal</u> í næstu setningu á eftir er sem um kröfu sé að ræða, en ekki hluta af skilgreiningu.</p> <p>Heimildarákvæði í lok skilgreiningarinnar finnst okkur ekki eiga heima þarna og ber að flytja það inn í viðeigandi kafla og greinar um flutningskerfi.</p> <p><u>Tillaga að skilgreiningu:</u></p> <p><i>Með flutningskerfi er átt við kerfi raflína, tækni- og öryggisbúnaðar og mannvirkja sem tengja saman vinnslukerfi rafmagns og dreifikerfi smásölu. Um flutningskerfið er rafmagn flutt í verulegu magni til dreifiveitna eða til einstaka stórnotanda.</i></p> <p>Skýring með tillögu: Flutningskerfið nær til allra núverandi</p>

	<p>dreifiveitna (álagsmiðja) þannig að núverandi sölupunktum Rarik er bætt í hóp sölupunkta Landsvirkjunar. Saman mynda þeir afhendingarstaði rafmagns frá flutningskerfinu og við tekur eiginleg dreifing raforku til notkunarstaða.</p>
<p>II. kafli 4. gr.</p>	<p>1. mlsgr. Lagt er til að ráðherra gefi út leyfi fyrir virkjunum sem eru <u>5 MW að stærð eða stærri</u>. Virkjanir undir þessum stærðarmörkum eiga ekki að þurfa ráðherraheimild en krafa verði gerð um að tilkynna þær til Orkustofnunar. Gera verður þá kröfu til þessara smávirkjana, ef þær framleiða rafmagn til almennrar sölu, að <u>þær uppfylli tæknileg skilyrði til tenginga við eftir atvikum flutnings- eða dreifikerfi</u>. Gera verður þá kröfu til eigenda smárra virkjana að þeir tilkynni OS um rafmagnsframleiðslu hvort sem hún er til eigin nota eða til nota á almennum markaði (þetta er nauðsynlegt til að viðhalda nákvæmni í tölfræðilegum upplýsingum um rafmagnsframleiðslu/rafmagnsnotkun).</p> <p>2. mlsgr. Nægjanlegt er að setja tímamörk á framkvæmdir leyfishafa en <u>ekki á gildistíma virkjunarleyfis</u>. Verði dráttur á framkvæmdum leyfishafa verður að gera þá kröfu til hans við endurnýjun leyfis <u>að hann leggi fram gögn er greini frá ástæðum seinkunar</u> (þ.e.a.s. rökstyðji ástæður tafa) og að ráðherra úrskurði <u>á þeim grunni</u>. Lokasetning málsgreinarinnar er opin og of veik þar sem hún tilgreinir ekki hvað þurfi að koma til eigi endurnýjun leyfis að fást.</p> <p>3. mlsgr. Engar aths.</p> <p>4. mlsgr. Orðalag setningarinnar er ekki í samræmi við viðkomandi skýringartexta. Greinina má skilja þannig að við veitingu virkjunarleyfa verði heimilt að veita þeim forgang sem <u>nú þegar</u> vinni raforku úr endurnýjanlegum orkulindum. Nær væri að orða hana þannig:</p> <p style="text-align: center;"><i>Heimilt er ráðherra að veita þeim forgang til virkjunarleyfa sem ætla sér að vinna raforku úr endurnýjanlegum orkulindum.</i></p> <p><u>Til umhugsunar:</u></p> <ul style="list-style-type: none"> ○ Varðandi skilgreiningu á endurnýjanlegum orkulindum hefur í seinni tíð borið æ meira á því (í Evrópu og víðar) að stórar vatnsaflsvirkjanir með miklum uppistöðulónum falli utan skilgreiningarinnar, m.a. vegna þess að óafturkræf verðmæti farist. Það er mikilvægt fyrir okkur að áréttu að öll virkjun fallvatna okkar sé skilgreind sem nýting endurnýjanlegra orkulinda og þar hafi landnotkun ekki úrslitaáhrif. ○ Þá verður að telja aðkallandi að við setningu laganna liggi fyrir hvaða virkjunarkostir í vatnsafli séu fyrir hendi og hvaða háhitasvæði til raforkuvinnslu komi til greina fyrir þá sem vilja hasla sér völl á framleiðsluviðinu.

<p>5. gr.</p>	<p>1. mlsgr. Lagt er til að 2. og 3. setning falli brott. Málsgreinin hljóði svo:</p> <p style="text-align: center;"><i>Virkjunarleyfi verður aðeins veitt sjálfstæðum lög- og skattaðila. Stundi handhafi virkjunarleyfis starfsemi á öðrum sviðum skal haldið aðskilið bókhald vegna þeirra rekstrarþátta.</i></p> <p>2. mlsgr. Lagt er til að þessi setning falli brott þar sem hún tilgreinir ekki hvaða viðmið eigi að nota til mats á hagkvæmni. Ákvæðið getur jafnframt staðið í vegi fyrir framþróun á orkusviði í framtíðinni. Varðandi önnur not orkulindarinnar eða landsvæða er tengjast nýtingu orkulindarinnar verður að treysta á umsagnir aðila er koma að umhverfismati.</p> <p>3. mlsgr. Hér þarf að lýsa nánar skilyrðum á ólíkum sviðum þannig að áherslur löggjafans liggi ljós fyrir í lögnum og að þau fjalli eingöngu um efnissvið raforkuiðnaðarins en ekki um atriði sem tekið er á í öðrum lögum eða skipta stjórnvöld minna máli. Varðandi framboð á raforku þá ætti markaðsvæðingin að tryggja nægjanlegt framboð en að sjálfsögðu verða verðsveiflur meiri en þekkst hafa. Í versta falli gæti verið rétt að veita ráðherra heimild til að efna til útboðs á tilteknum virkjunarkosti (eða virkjunarkostum) að fenginni umsögn Orkustofnunar um orkuþörfina. Síðasta setning málsgreinarinnar verður að telja óþarfa þar sem framleiðandi hlýtur að tryggja sér á einhvern hátt flutningsleiðir til að koma raforkunni frá stöðvarvegg til kaupanda að öðrum kosti er ekki grundvöllur fyrir virkjuninni.</p> <p>4. mlsgr. Við málsgreinina verði bætt ákvæði sem taki á afleiðingum skerðingarheimildar. T.d.:</p> <p style="text-align: center;"><i>Skerði slík endurskoðun möguleika virkjunarleyfishafa til tekjuöflunar eða verði honum íþyngjandi í rekstri skal honum bættur skaðinn samkvæmt mati hlutlausra aðila.</i></p>
<p>6. gr.</p>	<p>Með vísan til umsagnar um 4. gr. þá er óþarft að tilgreina tímamörk virkjunarleyfis. Það er hins vegar rétt og nauðsynlegt að í leyfinu komi fram:</p> <ol style="list-style-type: none"> 1. <i>Stærð virkjunar</i> 2. <i>Upphafstími framkvæmda</i> 3. <i>Áætluð verklok og tímasetning tengingar</i> 4. <i>Afmörkun virkjunarsvæðis</i> <p>Töluliðum 4 – 7 að báðum meðtöldum verði sleppt þar eð annað hvort er á þeim tekið í öðrum lögum og reglum eða þau eru óþörf.</p> <p>Í heimildarákvæðinu í lok lagagreinarinnar er nauðsynlegt að tilgreina hvaða atriði (forsendur) geti framkallað endurskoðun ráðherra á áður útgefnu virkjunarleyfi. Eins og í samsvarandi ákvæði 5. lagagreinar þá er</p>

	<p>eðlilegt að til komi bætur ef endurskoðunin leiðir til skerðingar á möguleikum handhafa virkjunarleyfis.</p>
<p>7. gr.</p>	<p>Upphafsaðkvæði greinarinnar þrengir valkosti til raforkuframleiðslu og ber að falla frá því. Það er t.d. engin nauðsyn á því að tengja smávirkjanir við flutningskerfið þegar hagkvæmast er að tengja þær skilgreindu dreifikerfi; þetta getur átt við um smávirkjanir í iðnfyrirtækjum, rennslisvirkjanir, vindorkustöðvar fjarri flutningskerfi o.s.v.frv.</p> <p>Lagagreininn, snyrt og þússuð, auk viðbótarákvæða (tillögur okkar) verður þrjár málsgreinar og gæti litið svo út:</p> <p><i>Skylt er eiganda virkjunar að uppfylla kröfur og reglur um tengingar sem settar hafa verið af rekstraraðilum flutnings- og dreifikerfa.</i></p> <p><i>Skylt er eiganda virkjunar að hlíta ákvörðunum kerfisstjóra um umfang framleiðslu til að viðhalda jafnvægi í framboði og eftirspurn á raforku, tryggja afhendingaröryggi og nægjanleg spennugæði í raforkukerfinu. Aðilar skulu komast að samkomulagi um verðlagningu orkunnar sem kerfisstjóri gerir kröfu um.</i></p> <p><i>Skylt er eiganda virkjunar að tilkynna kerfisstjóra með minnst eins árs fyrirvara sé ætlunina að hætta rekstri virkjunar eða stöðva rekstur hennar um lengri tíma (t.d. > ½ ár).</i></p>
<p>Kafla III.</p>	<p>Lýst er andstöðu við stofnun sérstaks flutningsfyrirtækis, þar sem það er ekki talið nauðsynlegt og ekki auka á skilvirkni. Að öðru leyti er vísað til athugasemda fremst undir almennum lið umsagnarinnar.</p> <p>Í eftirfarandi texta frá og með grein 8 til og með grein 17 er gerð tillaga að nýjum texta sem hugsanlega má nota sem grunn að endanlegum lagatexta. Fyrst koma sameiginlegar greinar fyrir flutning og dreifingu, í greinum 8 – 12. Grein 13 á við um flutning eingöngu og lokagreinar kafla 3, greinar 14 og 15, eiga við um dreifikerfi eingöngu. Þá kemur nýr kafla, kafla IV, sem fjallar sérstaklega um kerfisstjóra í tveimur lagagreinum, greinum 16 og 17; í greinum um kerfisstjóra var höfð hliðsjón af lagaákvæðum Dana um sama efni. Tillögur okkar hljóða svo:</p> <p style="text-align: center;">8. gr. <i>Flutnings- og dreifikerfi raforku Veiting leyfa og kröfur til handhafa þeirra</i></p> <p><i>Ráðherra veitir leyfi til reksturs flutnings- og/eða dreifikerfis. Sérstakt leyfi skal veitt fyrir hvorn hluta rekstrar.</i></p> <p><i>Hafi leyfishafi á sinni hendi hvoru tveggja, flutning og dreifingu, eða stundi aðra starfsemi skal hann halda aðskilið bókhald fyrir hvern þátt rekstrar.</i></p> <p><i>Leyfi skal veitt fyrir afmarkað kerfi er ráðherra tilgreinir í heimild sinni sem veitt skal til a.m.k. 30 ára í senn.</i></p>

	<p><i>Í leyfinu felst einkaréttur til flutnings eða dreifingar um viðkomandi kerfi og/eða svæði.</i></p> <p><i>Mörk flutnings- og dreifikerfa skulu skilgreind í reglugerð. Ráðherra hefur heimild til að breyta áður gerðri skilgreiningu sé þess óskað af leyfishafa.</i></p>
	<p style="text-align: center;"><i>9. gr. Efni sérleyfis</i></p> <p><i>Í sérleyfi skal m.a. tilgreina eftirfarandi:</i></p> <ol style="list-style-type: none"> <i>1. Gildistíma leyfis ef leyfið er tímabundið.</i> <i>2. Afmörkun kerfis og/eða svæðis sem sérleyfi til flutnings eða dreifingar nær til.</i> <i>3. Skilyrði um tæknilega og fjárhagslega getu leyfishafa.</i> <p><i>Heimilt er að kveða á um að leyfi skuli endurskoðað að tilteknum tíma liðnum, enda hafi forsendur fyrir skilyrðum leyfisins breyst verulega.</i></p>
	<p style="text-align: center;"><i>10. gr. Skyldur við rekstur netkerfa</i></p> <p><i>Þeir sem fengið hafa heimild til reksturs flutnings- eða dreifikerfis skulu tryggja fullnægjandi og skilvirkan flutning raforkunnar um netkerfið með því að:</i></p> <ol style="list-style-type: none"> <i>1. Viðhalda, endurbæta og auka netið á viðkomandi svæði nægjanlega til að tryggja flutninga raforku um það</i> <i>2. Tengja framleiðendur og kaupendur raforku við kerfið</i> <i>3. Tryggja nægjanlega flutningsgetu</i> <i>4. Mæla afhendingu inn á og út af kerfinu</i> <i>5. Útvega raforku sem vegur upp á móti raforkutöpum í kerfinu</i> <p><i>Standi handhafi flutnings- eða dreifingarstarfsemi ekki við skuldbindingar sem lýst er í töluliðum 1 - 4 getur ráðherra falið kerfisstjóra að gera nauðsynlegar úrbætur. Kerfisstjóra skal í því tilviki veitt heimild til aðgengis til nauðsynlegra framkvæmda við viðkomandi flutnings- eða dreifimannvirki.</i></p> <p><i>Ráðherra er heimilt að fela rekstraraðilum netkerfa í sameiningu að hefja rannsóknir eða þróun á tilteknum sviðum til að auka skilvirkni.</i></p> <p><i>Þeir sem heimild hafa fengið til reksturs dreifikerfa og rekstur flutningskerfa skulu vinna saman að gagnasöfnun og gefa út ársyfirlit og áætlanir um orkunotkun. Ráðherra getur í reglugerð kveðið nánar á um innihald og framsetningu slíkra gagna þannig að meta megi hvort aðilar uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til þeirra.</i></p>

	<p>Til umhugsunar: Ekki hefur verið metið að hálfu opinberra aðila hvað það komi til með að kosta iðnaðinn að innleiða breytta tilhögun við mælingar og uppgjör. Þetta geta verið umtalsverðar fjárhæðir ef höfð er í huga reynsla annarra þjóða af þessum hluta viðskiptanna.</p>
	<p style="text-align: center;"><i>11. gr. Kerfisaukning eða breytingar</i></p> <p><i>Leyfi ráðherra þarf fyrir nýjum netkerfum/línum með spennu yfir 66 kV og umfangsmiklum breytingum á núverandi neti. Leyfi er aðeins veitt ef umsækjandinn getur rökstutt viðaukann eða breytingarnar.</i></p> <p><i>Leyfishafa er skylt gegn réttmætri greiðslu að bjóða kerfisstjóra afnot af viðkomandi neti í því mæli sem kerfisstjóra þykir nauðsynlegt til að uppfylla kröfur sem til hans eru gerðar.</i></p> <p><i>Leyfishafa er skylt að lúta reglum um tengingar sbr. 10. gr. 1. málsgrein tl. 2.</i></p>
	<p style="text-align: center;"><i>12. gr. Sérstakur flutningur.</i></p> <p><i>Vinnslufyrirtæki, stór söluaðili eða stórnotendur geta sameiginlega sótt um sérstakt leyfi ráðherra til að reisa flutningsvirki og flytja raforku beint frá virkjun til notandans, enda telji kerfisstjóri kerfið ekki anna þessum flutningum, sbr. 1. og 6. tölul., 3. mgr., 17. gr.</i></p>
	<p style="text-align: center;"><i>13. gr. Gjaldskrá fyrir flutning</i></p> <p>Hér er lagt til að grein 12 í frumvarpinu komi inn með eftirtalinni breytingu:</p> <p>Í samræmi við tillögur okkar um flutningskerfið er lagt til að síðasta setning 1. tl. um gjaldskrá verði felld brott.</p>
	<p style="text-align: center;"><i>14. gr. Skyldur við rekstur dreifikerfis</i></p> <p><i>Við rekstur dreifikerfis er skylt að:</i></p> <ol style="list-style-type: none"> <i>1. Viðhalda tæknilegum gæðum netsins</i> <i>2. Mæla þá raforku sem flutt er um netið</i> <i>3. Innheimta greiðslur fyrir notkun netsins sbr. ákvæði laganna um gjaldtöku</i> <i>4. Hafa milligöngu um og sjá um uppgjör vegna raforku sem afhent er sbr. afhendingarskyldu laganna</i> <i>5. Aflla upplýsinga og gera eins aðgengilegar og mögulegt er til að stjórnvöld sem og notendahópar geti fullvissað sig um að viðkomandi dreifiveita ræki skyldur sínar</i> <i>6. Greina orkunotkun</i>

	<p>7. <i>Veita upplýsingar til notenda um skilvirka orkunotkun</i></p> <p><i>Sá sem heimild hefur fengið til dreifikerfisreksturs er skylt að hafa nauðsynlegt samráð við kerfisstjóra við framkvæmd atriða sem talin eru upp í 1. málsgrein.</i></p> <p><i>Sá sem fengið hefur heimild til reksturs dreifikerfis á tilteknu svæði er skylt með greiðslutilboði að bjóða þeim neytendum sem ekki velja seljanda nægjanlega raforku.</i></p>
	<p style="text-align: center;">15. gr. Gjaldskrá fyrir dreifingu.*</p> <p><i>Gjaldskrá vegna dreifingu skal setja í samræmi við tekjumörk sem Orkustofnun ákveður, sbr. 2. mgr., og kröfur um uppbyggingu gjaldskrárinnar, sbr. 3. mgr. Tveimur vikum áður en gjaldskráin á að taka gildi skal hún send Orkustofnun. Birta skal gjaldskrána opinberlega í Lögbirtingablaðinu.</i></p> <p><i>Orkustofnun skal árlega ákveða tekjumörk vegna dreifikerfisins út frá eftirfarandi viðmiðum:</i></p> <ol style="list-style-type: none"> <i>1. Kostnaði sem tengist starfsemi þess, þ.m.t. kostnaði vegna viðhalds, afskrifta á nauðsynlegum eignum til reksturs kerfisins, fjár magnskostnaði, almennum rekstrarkostnaði og kostnaði við kerfisstjórnun.</i> <i>2. Arðsemi sem skal að jafnaði vera milli 2 og 15% raunávöxtun. Upphafleg arðsemiskrafa skal að hámarki jafngilda meðalraunávöxtun ríkisskuldabréfa síðustu fimm ár.</i> <i>3. Hagræðingarkröfu sem skal taka mið af eðlilegum kostnaði samkvæmt mati Orkustofnunar. Hagræðingarkrafa Orkustofnunar skal gerð á 5 ára fresti.</i> <i>4. Komi í ljós að tekjur fyrirtækisins síðastliðin þrjú ár eru hærri eða lægri en ákvörðuð tekjumörk á tímabilinu, sbr. 1. tl., eða arðsemi síðastliðinna þriggja ára er utan marka sem fram koma í 2. tl. skal taka tillit til þess við gerð gjaldskrár á næsta ári.</i> <p><i>Standi væntanlegar tekjur vegna nýs viðskiptavinar ekki undir eðlilegum stofn- eða rekstrarkostnaði er heimilt að krefja hann um greiðslu viðbótarkostnaðar. Sama á við háfi forsendur viðskipta breyst verulega.</i></p> <p><i>Í reglugerð skal setja frekari ákvæði um viðskiptaskilmála, gjaldskrá, arðsemismarkmið og kröfur um hagræðingu.</i></p> <p style="text-align: center;">* Þessi grein er samhljóða tillögu HS og OR um gjaldskrá dreifiveitna</p>
IV.	16. gr.

<p>Kafla</p>	<p style="text-align: center;"><i>Kerfisstjóri</i></p> <p><i>Ráðherra velur kerfisstjóra til fimm ára í senn.</i></p> <p><i>Hafi kerfisstjóri á sinni hendi aðra starfsemi ber honum að halda aðskilið bókhald fyrir rekstrarþætti.</i></p> <p><i>Kerfisstjóri skal vera stjórnunarlega sjálfstæður*.</i></p> <p><i>* Sbr. gr. 7, tl. 6 í Dir. 96/92/EC</i></p>
	<p style="text-align: center;"><i>17. gr.</i></p> <p style="text-align: center;"><i>Skuldur og hlutverk kerfisstjóra</i></p> <p><i>Kerfisstjóra er skylt í samvinnu við aðra leyfishafa í flutningi og dreifingu að sjá til þess að þeir uppfylli kröfur sem til þeirra eru gerðar.</i></p> <p><i>Kerfisstjóra er skylt að viðhafa trúnað um viðkvæmar viðskiptaupplýsingar sem hann býr yfir. Honum er jafnframt skylt að gæta jafnræðis í samskiptum sínum við notendur kerfisins eða notendahópa og má undir engum kringumstæðum draga taum eigin fyrirtækis eða eigenda þess.</i></p> <p><i>Kerfisstjóri hefur á sínum höndum eftirfarandi verkefni:</i></p> <ol style="list-style-type: none"> <i>1. Halda uppi tæknilegum gæðum og jafnvægi í raforkukerfinu, þ.á.m. að tryggja að til staðar sé á hverjum tíma nægjanleg aflgeta til að stjórnun kerfisins geti átt sér stað.</i> <i>2. Gefa út árlega skýrslur og áætlanir til nota fyrir þátttakendur í iðnaðinum og til að lýsa hvernig aðilum hefur tekist að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til þeirra.</i> <i>3. Vinna með handhöfum flutnings- og dreifikerfisreksturs í að tryggja aðgengi að netkerfunum og flutning um þau.</i> <i>4. Tryggja notendum kerfisins jafnan aðgang að upplýsingum um möguleika á kaupum og sölu raforku.</i> <i>5. Gera áætlun til 10 ára um nauðsynlega afkastagetu netkerfanna.</i> <i>6. Tryggja í samvinnu við handhafa flutningsreksturs að nauðsynlegar nýframkvæmdir fari fram sbr. áætlanir í tl. 5.</i> <i>7. Leggja fram fyrirmæli til netfyrirtækja um mælingar.</i> <p><i>Ráðherra er heimilt að setja nánari reglur um starfsemi kerfisstjóra.</i></p> <p><i>Kerfisstjóri hefur rétt til að fá upplýsingar hjá notendum kerfisins sem hann telur nauðsynlegar til að tryggja jafnvægi í orkuflæði innan kerfisins og til að uppfylla aðrar kröfur sem gerðar eru til hans. Hann hefur jafnframt rétt til að gera nauðsynlegar breytingar á fyrirhuguðum viðskiptum innan</i></p>

	<i>sólarhringsins til að tryggja þennan stöðugleika.</i>
V. Kafli 18. gr.	<p>1. mlsgr. Óþarfi er að tímasetja leyfi og er því lagt til að fella lokasetningu brott.</p> <p>2. mlsgr. 2. tl. Þessari grein verður við að hafna sbr. umfjöllun okkar í almennum hluta umsagnarinnar um niðurstöður (3. töluliður í upptalningu).</p> <p>2. mlsgr. 3. tl. Við teljum ekki ástæðu til þess að setja aðsetri aðalskrifstofu staðartakmarkanir eins og gert er hér.</p>
19. gr.	<p>Lagt er til að greinin hljóði svo:</p> <p>1. mlsgr. <i>Söluþyrirtæki ber ábyrgð á umsömdum viðskiptum og tilkynningum um þau til viðkomandi rekstraraðila netkerfis.</i></p> <p>2. mlsgr. <i>Útvega nægjanlega raforku til að standa við umsamin raforkuviðskipti</i></p> <p>3. mlsgr. <i>Veita stjórnvöldum eða aðila sem þau útnefna nægjanlegar upplýsingar til að hægt sé að meta hvort leyfishafi uppfylli skyldur sínar.</i></p> <p>4. mlsgr. <i>Greiða viðkomandi rekstraraðila netkerfis tengikostnað auk hæfilegrar umsýsluþóknunar.</i></p>
20. gr.	<p>Þessi grein er ófullnægjandi að því leyti að hún tekur ekki á skyldum söluaðila né skyldum kaupandans er varða uppgjör. Í dag er það alþekkt vandamál að aðilar geta farið á milli veitusvæða og stofnað til nýrra viðskipta án þess að gera upp skuldir við orkufyrirtækið á því veitusvæði sem viðkomandi kemur frá. Það má segja að í lögin vanti kafla þar sem kveðið er á um <u>skyldur kaupanda (notanda) og réttindi</u>. Þar væri t.d. hægt að krefjast þess að þegar viðkomandi skiptir um söluaðila þá útheimti það að <u>gert verði upp að fullu við fyrri söluaðila</u>. Ákvæði um þetta verður að koma inn í lögin en eins og lögin liggja fyrir nú er ekki séð hvar best sé að koma því fyrir.</p> <p>Lagt er til að upphafsmálgreinin verði orðuð á annan hátt en gert er, því með orðalaginu er látið sem verið sé að veita heimild til notenda (af góðsemi) þegar í reynd er verið að leggja á þá kvaðir (að það þurfi að lágmarki 3ja mánaða uppsagnarfrest).</p>
Kafli VI	Ekki eru gerðar athugasemdir við greinar þessa kafla.
Kafli VII. Greinar 24, 25 og 26.	Það er full ástæða fyrir stjórnvöld að meta gaumgæfilega hvort koma eigi á fót sérstöku eftirlitskerfi hjá stofnunum sem þegar eru á margvíslegan hátt nátengdir orkugeiranum, eins og t.d. Orkustofnun. Við teljum að hér eigi að feta þröngan stíg. Við viljum nefna tvennt sérstaklega varðandi fyrstu greinar kaflans:

	<p>1. Í fyrstu grein er fjallað um gjaldskrár. Við efumst um nauðsyn þess að beina sérstöku eftirliti að þeim umfram það sem gert er í öðrum greinum frumvarpsins um gjaldskrár. Í lagagreinunum um gjaldskrár í kafla 3 gegnir OS veigamiklu hlutverki við ákvörðun um endanlega gjaldtöku í netkerfisrekstri. Gjaldskrárnar eru auglýstar opinberlega og því verða þær væntanlega settar undir opna gagnrýni og almennt eftirlit. (Sjá síðar um úrræði).</p> <p>2. Í annarri grein er Orkustofnun gefnar víðtækar heimildir þegar haft er í huga að stofnunin er stór þjónustuaðili orkuvinnslugeirans og kynni því að lenda í vandasömum aðstæðum þegar verið væri að fjalla um stóra viðskiptavini stofnunarinnar.</p> <p>Ekki er hér fjallað sérstaklega um síðustu greinina en hins vegar bent á að lokamálgreinin gæti sómt sér vel í áðurnefndum lagagreinum um gjaldskrár.</p> <p>Hvað er þá til ráða varðandi hugsanlegar ábendingar eða klögumál þar sem dregið er í efa að aðilar iðnaðarins uppfylli ekki skilyrði laganna? Úrræði (lagt hér fram sem hugmynd):</p> <p>Lagt er til að farið verði svipaða leið og Danir; þ.e. <u>setja á fót Eftirlitsnefnd Orkumála</u> (sbr. <u>Energiltýsnet</u>).</p> <ul style="list-style-type: none"> ○ Sjö fulltrúar sitja í nefndinni en þeir eru skipaðir af iðnaðarráðherra til fjögurra ára í senn . ○ Nefndin hefur <u>fullt sjálfstæði</u> og er <u>ekki háð tilmælum</u> frá ráðherra né ráðuneytinu og þarf ekki neinar heimildir frá sömu aðilum á starfstíma sínum. ○ Þess er krafist að nefndarfulltrúar <u>komi ekki úr orkuiðnaði</u> eða þjónustugreinum hans heldur hafi þeir <u>haldgóða þekkingu</u> (þ.e.a.s. sérfróðir) á lögfræði, hagfræði, tækni- og verkfræði, umhverfismálum, atvinnu- og neytendamálum. ○ Nefndin <u>vinnur náið með Samkeppnisstofnun</u> (Konkurrencestyrelsen) og sækir þangað hjálp við ritarastörf o.þ.h. þegar með þarf. ○ Greiðslur fyrir störf nefndarinnar greiða fyrirtækin sem hún hefur eftirlit með. ○ Nefndin getur <u>ákveðið sjálf</u> að taka tiltekin mál fyrir eða gert það í <u>kjölfar tilkynningu</u>, <u>kvörtunar</u> eða <u>kæru</u>. Hún gerir síðan árlega grein fyrir störfum sínum með skýrslu til ráðherra auk þess sem hún <u>birtir árlega ýmsar upplýsingar</u> um aðila orkuiðnaðarins sem lýsa aðstæðum á markaði, eignarsamsetningu o.fl.
27. gr.	Fín grein.
28. gr.	Gera þessa grein eins einfalda og grein 27), þ.e. að Löggildingarstofa hafi eftirlit með raforkufyrirtækjum á grundvelli laga um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga ásamt viðkomandi reglugerð.
29. gr.	Engar athugasemdir.

30. gr.	Endurskoða sbr. tillögu vegna greina 24 – 26 hér að ofan.
31. gr.	<p>Ekki eru sjáanleg rök fyrir því að taka þurfi út úr orkuiðnaðinum 50 milljónir króna á hverju ári fyrir sérstöku eftirliti sem markaðsvæðingin kallar á. Nú þegar er haft visst eftirlit með fyrirtækjum í orkuiðnaði bæði að hálfu OS og Löggildingarstofu og svo virðist sem fyrirtækin fari í einu og öllu eftir þeim heimildum sem núverandi lagagrunnur veitir þeim ásamt viðkomandi reglugerðum. Það er ekki séð að raunveruleg viðbót í eftirliti útheimti slíka gjaldtöku sem þarna er lögð til en ef svo væri þá á að leita leiða til að gera eftirlitið ódýrara. Því má ekki gleyma að aukið fast eftirlit letur fyrirtækin í að stjórna innra starfi sínu og efla innra eftirlit (þ.e.a.s. auka gæði).</p> <p>Það eru heldur ekki færð rök fyrir nauðsyn þess að faggiltar skoðunarstofur þurfi að koma að eftirliti eins og lagt er til í lögunum. Faggiltar skoðunarstofur hafa ákveðnu hlutverki að gegna í tengslum við skyldur Löggildingarstofu og er á engan hátt séð að þeirra sé þörf umfram það.</p> <p>Það er afar mikilvægt að ekki sé farið af stað með eftirlit sem e.t.v er óþarft. Vænlegra er að meta þörfina eftir að lagabreytingarnar eru komnar til framkvæmda og reynsla hefur fengist af nýjum viðskiptaháttum. Í þessu sambandi er vert að benda á niðurstöður skýrslu* um breska eftirlitið þar sem kemur fram að eftirlitskostnaður jókst <u>árlega</u> um að meðaltali 16,6 % og starfsmannafjöldi jókst <u>árlega</u> um 9,3 % á árabílinu frá 1990 – 2000.</p> <p>* Final report for HM Treasury: External Efficiency Review of Utility Regulators. Final Report, february 2001, by WS Atkins Management Consultants.</p>
Kafla VIII	Engar athugasemdir við greinar kaflans.
Kafla IX	<p>Engar athugasemdir við greinar kaflans um ýmis ákvæði.</p> <p>Bráðbirgðaákvæði I, II og III: Engar athugasemdir</p> <p>Bráðabirgðaákvæði IV: Samkvæmt tillögum og áherslum okkar þá fá dreifiveitur fullan rétt til að selja raforku, sbr. tillögu að 8. grein. Fyrri málsgrein er því óþörf.</p> <p>Seinni málsgrein. Tillaga að orðalagi: <i>Til og með 31. desember 2003 geta eingöngu einstakir kaupendur sem kaupa 5 GWh af raforku á ári eða meira keypt raforku af öðrum en þeirri dreifiveitu sem annast viðskiptin við gildistöku laganna.</i></p> <p>Varðandi tímasetningu vísast til umsagnar í almennum hluta.</p>